



Glerísetningartrygging

Skilmáli E-29

Í skilmála þessum merkir hugtakið „félagið“ Vörð tryggingar hf.

1. gr. Vátryggingarsvið

- 1.1 Vátrygging þessi tekur til glers þess sem tilgreint er í vátryggingarskírteini.
- 1.2 Vátryggður er eigandi þeirra hagsmuna sem tilteknir eru í gr. 1.1.
- 1.3 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í glerinu eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, nema þeir hafi fengið staðfestingu þess efnis frá félaginu. Meðvátryggðir öðlast aldrei meiri rétt gagnvart félaginu en vátryggður, sbr. 3. mgr. 41. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 1.4 Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

2. gr. Vátryggingin bætir

Tjón sem orðið hefur á hinu vátryggða gleri við geymslu þess eða ísetningu. Hafi gleri verið komið fyrir á endanlegum stað fellur tryggingin niður.

3. gr. Vátryggingin bætir ekki

Tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppbota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna svo og tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og annarra náttúruhamfara, nema annars sé sérstaklega getið.

4. gr. Varúðarregla

Þeir sem annast ísetningu glersins skulu hafa til þess næga kunnáttu.

5. gr. Brot á varúðarreglu

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

6. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu ef hún er tiltekin í vátryggingarskírteini.

7. gr. Ákvörðun bóta

- 7.1 Tjón er bætt með útvegum sams konar hluta og tjón varð á ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. Sé ekki unnt að útvega sams konar hluti og tjón varð á greiðir félagið vátryggðum upphæð sem svarar til verðs hins vátryggða hlutar ef hann fengist á markaðnum.
- 7.2 Bætur skulu miðaðar við verðmæti glers á tjónsdegi nema annað komi fram í vátryggingarskírteini.
- 7.3 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátrygging skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

8. gr. Tilvísun til annarra skilmála og laga

Að öðru leyti gildir 2. kafli skilmála félagsins um brunatryggingu lausafjár nr. E-3 og lög nr. 30/2004 um vátryggingasamninga.

Skilmáli þessi gildir frá 01.09.2012